

## Fundargerð

## ÁRSFUNDAR

### Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2018

Haldinn mánudaginn 4. júní 2018 kl. 12.00

í fundarsal Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 21, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir. Gögn fundarins voru birt rafrænt á heimasíðu sjóðsins. Gestum var boðið að fá útprent úr ársreikningi.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson, flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn/sjóðfélagar

Árið 2017 var gott ár í ávöxtun hjá Brú lífeyrissjóði en nafnávöxtun sjóðsins var 7,9% sem samsvarar til 6% raunávöxtunar. Meðaltalsraunávöxtun sjóðsins til 5 ára var 4,8%. Þessi góða afkoma nú skýrist einkum af góðri ávöxtun innlendra skuldabréfa og erlendra hlutabréfa. Breytingin á A deild sjóðsins endurspeglast í ársreikningi fyrir árið 2017. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 190.559 milljónum króna í árslok 2017 en var 128.475 milljónir króna árið á undan. Breytingin á milli ára skýrist af góðri ávöxtun, uppgjöri skuldbindinga í B deild, sameiningu við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar og uppgjöri launagreiðenda vegna breytinga á A deild. Fjárfestingatekjur námu 12 milljarða og rekstrarkostnaður 426 milljónir. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Á árinu 2017 greiddu 16.665 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði til samanborið við 16.225 árið á undan. Sjóðfélagar rufu hundraðþúsund múrinn á árinu og áttu alls 100.083 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Þess má geta að Brú lífeyrissjóður rekur einnig Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar og í þeim eiga samanlagt 118.020 einstaklingar réttindi. Brú lífeyrissjóður gætir því hagsmuna fyrir u.þ.b. þriðjung landsmanna og er starfsemin umfangsmikil eftir því.

Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2017 námu rúmar 4,4 milljarða en voru 3,5 milljarða á árinu 2016. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlega lífeyri til 6.512 sjóðfélaga en á árinu 2016 voru þeir að meðaltali 5.500

Miklar breytingar einkenndu árið og var sú stærsta án vafa breytingin á A deild sem var viðamikil og vandasöm. Í desember 2016 var gerð breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hafði einnig áhrif á A deild Brúar. Breytingarnar komu til framkvæmda 1. júní 2017 en þá var réttindaávinnslu A deildar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu; lífeyrisaldur var samræmdur við almennan vinnumarkað; óbein ábyrgð launagreiðenda ekki lengur til staðar nema fyrir þá sjóðfélaga sem byrjaðir voru á lífeyri fyrir 1. júní 2017 og þeirra sem voru orðnir 60 ára á þeim tíma, en réttindi þeirra verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum.

Í lok árs 2017 lá fyrir uppgjör á framlögum launagreiðenda vegna breytinganna á A deildinni en það var byggt á reikningsskilum fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 2017 og tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins 31. maí 2017. Framlög hvers launagreiðanda tóku mið af iðgjaldaskilum hans til sjóðsins annars vegar frá upphafi til 31. Maí 2017 fyrir jafnvægissjóðinn en hins vegar iðgjaldaskil fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. maí 2017 fyrir lífeyrisauka- og varúðarsjóðinn. Framlögín námu samtals 40.203 m.kr. sem skiptust þannig að jafnvægissjóður nam 9.956 m.kr., lífeyrisaukasjóður nam 27.232 m.kr. og varúðarsjóður nam 3.015 m.kr. Eins og sjá má á ársreikningi sjóðsins hafa framlögín mikil áhrif á fjárhags- og tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Þrátt fyrir uppgjör launagreiðenda vegna breytinganna í A deild voru heildarskuldbindingar í árslok 2017 tæpum 3 ma.kr hærri en eignir sjóðsins eða neikvæð um 1,1%.

Tryggingafræðileg staða V deildarinnar er jákvæð um 1.7 milljarð en staðan versnaði um 225 millj.kr. á milli áa.

B deild sjóðsins er undanþeginn ákvæðum laga um að eiga eignir til að mæta skuldbindingum þar sem sveitarfélögin eru með bakábyrgð á skuldbindingum sinna réttindasafna. Samþykktir B deildar gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna hans dugi fyrir skuldbindingum sjóðsins og því greiða launagreiðendur mánaðarlega aukaframlag af greiddum lífeyri. Tryggingafræðilega staða B deildar er neikvæð um 11 milljarða en skuldbindingar deildarinnar hækka í takt við launavísitölu, sem hækkaði um tæp 7% á, en ekki í takt við breytingu á neysliverðsvísitölu sem hækkaði um 1,9%.

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinaðist við B deildina og gekk sameiningin afar vel og ber að þakka starfsfólkinu okkar og fyrrverandi framkvæmdastjóra eftirlaunasjóðsins þann árangur. Þá hefur verið samþykkt að Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinist B deild á árinu 2018. Gera má ráð fyrir að framangreindar sameiningar skili umtalsverði hagræðingu til lengri tíma.

Stigið var lokaskref í skipulagsbreytingum á eignastýringarsviði sjóðsins. Sviðið hefur verið eftt með ráðningu fleiri starfsmanna og innleiðingu nýrra upplýsingakerfa. Markmið með breytingunum er að efla þekkingu innan sjóðsins, lækka kostnað við fjárfestingar og efla eftirlit. Í lok ársins var svo lánadeild sjóðsins færð undir eignastýringarsvið en umsvif deildarinnar hefur aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánum, en lánveitingar námu 4.236 milljónir króna á síðasta ári.

Brú lífeyrissjóður er meðal stofnaðila að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn fetar nú sín fyrstu spor við innleiðingu á eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við ákvörðun um fjárfestingakosti verður horft m.a. til umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttanna í ríkari mæli en áður.

Á árinu fór stjórnin í gengum sjálfsmat á sínum störfum en matið tók meðal annars á skipan stjórnar, skipulagi, eftirliti og upplýsingagjöf. Niðurstaða matsins mun nýtast til að þróa og móta starfshætti sjóðsins til hins betra.

Lífeyrissjóðir landsins hafa verið áberandi í þjóðmálaumræðunni og skipt sér í meira mæli af rausnarlegum starfskjörum og ofurlaunum æðstu stjórnenda skráðra fyrirtækja. Það er greinilegt að sjóðirnir og þar á meðal Brú verða að grípa til beittari aðferða til að hafa áhrif á starfskjarastefnu félaganna.

Nú eru breyttir tímar á fjármálamarkaði þar sem heimildir til að fjárfesta erlendis voru gerðar frjálssar á síðast liðnu ári. Brú lífeyrissjóður stefnir að því að auka erlendar fjárfestingar á komandi árum en í fjárfestingastefnu fyrir árið 2018 er gert er ráð fyrir að um 18% eigna sjóðsins verði erlendis.

Stjórnin fundaði tuttugu og tvisvar á starfsárinu en í stjórn eru auk formanns, Kristbjörg Stephensen, Benedikt Valsson, Elín Björg Jónsdóttir, Salóme Þórisdóttir og Sigurbergur Ármannsson

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin átta sinnum á árinu. Í endurskoðunarnefnd sitja Karl Björnsson sem er formaður, Elín Björg Jónsdóttir og Stefán Aðalsteinsson og eru þeim þökkuð vel unnið störf.

Hjá Brú lífeyrissjóði starfar öflugt starfsfólk með mikinn drifkraft og framsýni. Þetta eru mikil verðmæti sem verður að hlúa að þannig að sjóðurinn haldi áfram að þróast og standast vaxandi kröfur í síbreytilegum heimi. Ég vil þakka starfsfólki fyrir gott samstarf og vel unnin störf og stjórnarmönnum þakka ég samstarfið og sjóðfélögum fyrir samskiptin á starfsárinu.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn til að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Þórdís Hadda Yngvadóttir.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

*Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í*

*Fréttablaðinu 19. maí. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.*

## 2. Yfirferð ársreiknings

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og tilkynnti að ný ársskýrsla sjóðsins væri birt á heimasíðu. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn án athugasemda.

Árið var hagstætt fyrir lífeyrissjóðina almennt og var ávöxtun ágæt. Fjárfestingargjöld sjóðsins lækkuðu m.a. vegna breytingar á fyrirkomulagi eignastýringar, en rekstrarkostnaður jókst m.a. vegna skipulagsbreytinga og einskíptis kostnaðar.

Við yfirferð á breytingu á hreinni eign sjóðsins kom fram að ávöxtun var góð á árinu. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 58 ma.kr. Þessi mikla hækkun er fyrst og fremst tilkomin vegna uppgjors á A deildinni og sameiningu Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar (ER) við B deild og uppgjori hjúkrunarheimila á skuldbindingum í B deild. Ávöxtunin samsvarar 7,9% nafnávöxtun eða 6% raunávöxtun. Þar af varð 50,3 ma.kr. hækkun vegna uppgjors á A deildinni, þ.e. uppgjör launagreiðenda á jafnvægis- og lífeyrisaukasjóði. Án þeirra liða væri hækkun hreinnar eignar um 20 ma.kr., nafnávöxtun 8,1% og raunávöxtun 6,3%. Þá hafa uppgjör á skuldbindingum í B deild einnig áhrif en um er að ræða uppgjör við Höfða, Hraunbúðir og Hvamm, samtals 1,5 ma.kr. Þriðji áhrifaþátturinn er sameining Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar við B deild, en með því tvöfaldaðist eignasafn B deildar og lífeyrisgreiðslur jukust.

Sjóðfélagar sem eiga réttindi í sjóðnum óháð því hvort þeir hafa greitt iðgjald eða þegið lífeyri voru samtals 100.083 í árslok 2017, samanborið við 99.596 í upphafi árs. Virkir sjóðfélagar voru 16.665 að meðaltali á árinu, og fjölgaði áfram í A deild (5,0%) en fækkaði í V deild (2,9%). Þá fjölgaði í B deild (0,3%) vegna sameininga við ER. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum. Hlutfallslega varð meiri fjölgun í A deild (15,8%) og V deild (14,9%). Örorkan þyngist á milli ára.

Við yfirferð á lífeyri og iðgjöld á árinu kom fram að aukaframlög í A deild og B deild hafa mikil áhrif á heildariðgjöld. Endurgreiðsluhlutfall í B deildum var óbreytt á árinu 2017 frá árinu á undan. Vægi ellilífeyris eykst samhliða fjölgun ellilífeyrisþega og vægi örorkulífeyris minnkar. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,7% og vísitala skuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 6,9% á árinu. B deildin á 5,3% af heildareignum sjóðsins, en stendur fyrir 40,7% allra lífeyrisgreiðslna.

Farið var yfir fjárfestingatekjur en þær jukust um 10.160 m.kr. á milli ára. Mikill viðsnúningur varð í ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum. Styrking krónunnar á árinu 2016 rýrði ávöxtun erlendra eigna, en 5,3% hækkun erlendra hlutabréfavísitalna skilaði 8,3% lækkun í

Íslenskum krónum. Á árinu 2017 styrktist krónan áfram á móti USD en ekki á móti EUR. Af fjárfestingareignum sjóðsins eru í 11,1% í USD (2016: 11,1%) og 3,8% í EUR (2016: 3,7%). Ávöxtun innlendra verðtryggðra skuldabréfa var betri á árinu en á árinu á undan. Verðtryggð skuldabréf skiluðu ávöxtun umfram óverðtryggð skuldabréf á árinu og skilaði innlendir skuldabréfamarkaður ágætri ávöxtun á árinu samhliða lækkun raunvaxta.

Við yfirferð á fjárfestingagjöldum og rekstrarkostnaði kom fram að á árinu náðist að draga úr fjársýsluþóknunum, og var það lækkun um 45% milli ára. Er það fyrst og fremst vegna skipulagsbreytinga í eignastýringu þar sem eignastýringarsamningum hjá þjónustuaðilum var sagt upp og eignastýring sjóðsins styrkt með ráðningu fleiri starfsmanna. Einnig var ákveðið að bæta við stöðugildum þar sem umfang starfsemi sjóðsins vex frá ári til árs. Stöðugildi í árslok voru 23,1 samanborið við 17 í árslok 2016. Þá féll til kostnaður við einkisþing verkefni, t.d. vegna breytinga á A deild og breytinga á upplýsingakerfum. Má nefna í því sambandi að sjóðurinn opnaði nýjan sjóðfélagavef. Við þetta jókst rekstrarkostnaður sjóðsins umtalsvert eða um 131 m.kr. og var samtals 425,7 m.kr. á árinu.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins var 191 ma.kr. í árslok. Hrein eign B deildar tvöfaldaðist við sameiningu við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar. Ógreitt framlag í jafnvægis- og lífeyrisaukasjóð skýrir mikla hækkun á kröfum milli ára og skuld Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar við Brú vegna þátttöku þeirra í rekstrarkostnaði ársins 2017. Aðrar skuldir eru að stærstum hluta óuppgerð verðbréfavíðskipti um áramót og ógreidd staðgreiðsla af lífeyrisgreiðslum.

Eins og fram hefur komið var ávöxtun á árinu betri en á fyrra ári. Hlutabréf (OMX18) lækkuðu um 4,4% á árinu (2016: -9,0%, 2015: +43,4%), verðtryggð skuldabréf (NOMXIREAL) hækkuðu um 11,5% (2016:+4,5%, 2015: +10,4%), óverðtryggð skuldabréf (NOMXIBB) hækkuðu um 5,0% (2016: +6,5%, 2015: +6,6%). Samanlögð vísitala hækkaði um 9,5%. Erlend hlutabréf hækkuðu um 22,6%, en í krónum talið var hækkunin 13,3% vegna styrkingar krónunnar.

Við yfirferð á fjárfestingaeignum kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama þar sem eignum deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa hærra.

Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 157,1 ma. kr. í lok árs 2017 og hækkaði um 30,6 ma.kr. á árinu. Mest var aukning í skuldabréfaeign, bæði hlutfallslega og í bókfærðu virði. Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga var 26,9 ma.kr. á árinu 2017 en 8,1 ma.kr. á árinu 2016. Breytingin liggur meðal annars í miklu innflæði vegna uppgjörs launagreiðenda vegna breytinga á A deild. Ekki voru miklar breytingar á eignasamsetningu sjóðsins á milli ára.

Skuldabréf, einkum skuldabréf með ríkisábyrgð, voru sem fyrr veigamest í eignasafni sjóðsins. Útlán til sjóðfélaga og önnur keypt veðskuldabréf hækkuðu um 5,5 ma.kr. (66,7%). Hlutfall eigna í peningamarkaðssjóðum var hátt yfir áramótin eða 5,8 ma.kr. aukning milli ára.

*Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.*



*Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.*

### 3. Skýrsla um tryggingafræðilega athugun kynnt

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á stöðu sjóðsins í árslok 2017. Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga sem eru óbreyttar frá síðasta ári. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem eru háðar óvissu

Forsendur eru staðlaðar, en notað er frádrag frá stöðluðum örorkulíkum. Örorkulíkur sjóðfélaga fyrir A og V deildir byggjast á 60% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002, en örorkulíkur fyrir B deild byggjast á 80% reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum á árunum 1998-2002.

Eins og fram hefur komið voru gerðar breytingar á A deild til m.a. til að rétta við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og var samþykktum sjóðsins breytt í samræmi við þær. Framlög í jafnvægisjóð áttu að koma deildinni í jafnvægi miðað við 31. maí 2017. Það voru vonbrigði að A deildin reiknist ennþá í halla þrátt fyrir breytingarnar og góða ávöxtun þar sem skuldbindingar voru 3 milljarðar umfram eignir, þ.e. staðan var neikvæð um 1,1% þrátt fyrir uppgjör launagreiðenda. Á síðasta ári voru skuldbindingar umfram eignir 13,3%.

Tryggingafræðileg staða V deildar var jákvæð um 2,7%, sem þýðir að eignir standa undir skuldbindingum. Staðan versnaði þó um 225 m.kr á árinu en heildarstaðan er jákvæð um 1,7 ma.kr. Sjóðurinn hefur staðið undir sér undanfarin fimm ár.

Í B deild eru réttindasöfn sex sjóða sem eru undanþegin skilyrðum um að iðgjöld dugi fyrir lífeyrisgreiðslum og njóta því bakábyrgðar sveitarfélaga. Samkvæmt samþykktum ber launagreiðenda að endurgreiða hluta af lífeyrisgreiðslum til sjóðsins. Tryggingafræðileg staða er aðgreind á milli réttindasafna og því mismunandi og er vísað í ársreikning þar sem fjallað er um tryggingafræðilega stöðu hvers og eins réttindasafns. Staða heildarskuldbindinga versnaði á milli ára úr -25,8% 2016 í -26,4% á árinu.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið:*

### 4. Fjárfestingarstefna kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2018. Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og

áhættu. Markmið er varkár fjárfestingastefna sérstaklega fyrir B deild. Breytingar á lögum nr. 113/2016 um lífeyrissjóði tóku gildi 1. júlí 2017, fólust þær meðal annars í því að vægi áhættustýringar var aukið og breytingar gerðar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og flokkun verðbréfa. Við ákvörðun um samsetningu fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til núverandi ávöxtunar, stefnu eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar bréfa og annarra þátta sem taldir hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika til ávöxtunar.

Ein helsta breytingin frá stefnu fyrra árs varðar þá aukningu sem verið hefur í útgefnum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum til sjóðfélaga. Hlutfall þess eignaflokks sem nær m.a. yfir sjóðfélagalán færist á milli ára úr 6% í 10%. Hlutfall sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfa sveitarfélaga eykst jafnframt lítilllega. Hlutfall ríkisbréfa heldur hins vegar áfram að dragast saman. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað verulega auk þess sem reglulega er greitt af bréfunum án þess að hægt sé að gera ráð fyrir mikilli nýrri útgáfu ríkisbréfa á næstu misserum. Í ljósi markaðsaðstæðna er tekið skref í stefnu sjóðsins til að auka við eignir í erlendum hlutabréfum. Gjalddeyrisviðskipti hafa verið háð takmörkunum frá haustinu 2008 en í mars 2017 voru höftin endanlega afnumin.

Ákveðið var að minnka vægi skuldabréfa og innlána úr 76% í 69% en auka við vægi hlutabréfa og fagfjárfestingsjóða úr 24% í 31%.

Markmið í fjárfestingarstefnu B deildar er að ávaxta eignir sjóðsins á hagkvæman hátt og tryggja góða ávöxtun miðað við áhættu. Þá skal eignasamsetning sjóðsins vera í samræmi við heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Undanfarin ár hefur fjárfestingarstefna sjóðsins verið byggð þannig upp að samsetning eigna gefi góða ávöxtun að teknu tilliti til áhættu en jafnframt hefur verið horft til þess hvernig skuldbindingar falla til. Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnu deildarinnar er nú tekið tillit til eigna Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar en sá sjóður sameinaðist B deild Brúar lífeyrissjóðs miðað við 1. janúar 2017. Ákveðið var að draga úr skuldabréfum og innlánnum úr 78,9% í 76% og auka við stöðu hlutabréfa og fagfjárfestingasjóða úr 21,1% í 24%.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.*

*Spurt var um tryggingafræðilega stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og ráðstöfun á hugsanlegum afgangi sem stendur eftir að síðasti lífeyrisþeginn er genginn. Umræður.*

## 5. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, greindi frá breytingum á samþykktum sem tóku gildi þann 1. júní á síðasta ári annars vegar og tillögur að breytingum á samþykktum á árinu 2018 hins vegar.

Breytingarnar sem tóku gildi 1. júní 2017 vörðuðu fyrst og fremst A deild sjóðsins vegna breytinga á lögum nr. 127/2016 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hafði sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar. Samþykktir voru aðlagðar með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX–XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingar vegna lagaákvæðisins höfðu einnig áhrif á viðmiðunaraldur lífeyristöku í V deild sem og réttindatöflur. Þá var V. kafli samþykktur um B deild aðlagður vegna inngöngu Eftirlaunastjóðs Reykjanesbæjar í B deildina og viðauka bætt við samþykktirnar með réttindaákvæðum úr samþykktum Eftirlaunastjóðsins.

Tilfni breytinga á samþykktum sem nú eru í tillöguformi eru aðallega tilkomnar vegna breytinga á almannatryggingalöggjöfinni tengdum hálfum lífeyri. Breytingarnar varða framkvæmd á útgreiðslu hálfes lífeyris fyrir A og V deildir sem og breytingar á ákvæðum samþykktur um lífeyrisauka A deildar og ákvæði um sjóðfélaga sem öðlast hafa jafna ávinnslu hjá bæði A deild Brúar lífeyrissjóðs og A deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Þá er bætt í samþykktirnar viðauka vegna sameiningu Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK) við B deild Brúar lífeyrissjóðs og bætt við viðeigandi ákvæði í samræmi við það. Gerðar eru breytingar á réttindaákvæðum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar í B deildar Brúar lífeyrissjóðs og ákvæði 35.6 í samþykktum Brúar lífeyrissjóðs að beiðni sveitarfélagsins. Þá er skýringarákvæðum bætt við um áunnin réttindi í V deild fyrir breytingar 1. júní 2017 og ákvæði um framreikning makalífeyris betrubætt, viðmiðun „stopulla ára“ í A deild breytt úr mánaðarlegum lífeyrisrétti í árslaun og viðbót við ákvæði um breytingar á samþykktum sjóðsins út frá tillögum stjórnar. Samþykktirnar eru nú í samþykktarferli hjá fjármálaráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu.

*Fundarstjóri kynnti síðasta dagskrárliðinn sem eru önnur mál og bauð Gerði Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra orðið.*

## 6. Önnur mál

### *Breytingar á A deild.*

Framkvæmdastjóri kynnti ástæðu fyrir breytingum á A deildinni sem tóku gildi 1. júlí 2017. Um var að ræða umfangsmikla og flókna aðgerð sem hafði mikil áhrif bæði á sjóðinn og launagreiðendur, enda um miklar fjárhæðir að ræða. Um það bil 440 aðilar voru rukkaðir.

Breytingarnar má rekja til stöðugleikasáttmála aðila atvinnulífsins frá 25. júní 2009. Með setningu laga nr. 127/2016 í desember 2016 var lögum um LSR breytt en sú lagasetning hafði einnig áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Með lögnum var stefnt að því að lífeyriskerfin verði sjálfbær og að hver kynslóð standi undir eigin réttindum. Einnig var vilji fyrir því að stuðla að frjálsara flæði á milli vinnumarkaða. Hjá A deildum opinberu sjóðanna var ójafnvægi á milli eigna og skulda og halli á tryggingafræðilegri stöðu komin yfir lagaheimildir þannig að iðgjaldþörfin var á bilinu 20-21%.





Áhrif lagabreytinganna voru þau að réttindaávinnsla A deildar var breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu og lífeyrisaldur samræmdur við almennan vinnumarkað sem er 67 ár. A deildinni var viðhaldið en þeir sem greiða áfram iðgjald þangað fóru yfir í aldurstengda réttindaávinnslu. Mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu var mætt með sérstöku framlagi, þ.e. lífeyrisauka, sem launagreiðendur hafa greitt til sjóðsins. Launagreiðendur greiddu einnig framlag í varúðarsjóð. Auk framlags í lífeyrisaukasjóð greiddu launagreiðendur framlag í jafnvægissjóð sem er nýttur til að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi þann 31.mai 2017.

Frá 1. júní 2017 fara nýir sjóðfélagar í aldurstengda réttindaávinnslu og mótframlag launagreiðanda lækkaði úr 12% í 11,5%.

Réttindi þeirra sem byrjaðir voru á lífeyri þann 31. maí 2017 og þeirra sem voru orðnir 60 ára á sama tíma eru ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn. Réttindi annarra sjóðfélaga eru framvegis bundin tryggingafræðilegri stöðu og geta lækkað eða hækkað eftir afkomu sjóðsins. Þetta á bæði við um áunnin réttindi fyrir breytingarnar og framtíðarréttindi sjóðfélaga.

Áhrif breytinganna á launagreiðendur – sveitarfélög og stofnanir þeirra, voru þær að greiða þurfti 40 ma.kr. til sjóðsins í formi: Jafnvægissjóðs -framlög til að koma sjóðnum í jafnvægi m.v. 31.maí 2017 - Hallinn var 9,6 ma.kr. í árslok 2016; Lífeyrisaukasjóðs - framlög vegna framtíðarréttinda 27 ma.kr.; Varúðarsjóðs – framlög til varúðar ef lífeyrisaukasjóður stendur ekki undir hlutverki sínu 3 ma.kr.

Launagreiðendur aðrir en sveitarfélög og stofnanir geta fengið heimild frá stjórn til að greiða viðbótariðgjald sem verður 4,5% í stað lífeyrisaukasjóðs, og greiða því 16% mótframlag. Sömu aðilar greiddu sitt framlag jafnvægissjóð og varúðarsjóð.

*Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.*

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og sleit fundinum.

Fundi slitið kl. 13.00.



Þóra Jónsdóttir, fundarstjóri



Þórdís Yngvadóttir, fundarritari

